

## Fundargerð aðalfundar VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 26. mars 2014 kl. 19:30

Formaður félagsins, Ólafía B. Rafnsdóttir, setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Hún byrjaði á að minnst Eyrúnar Ingvaldsdóttur, fyrrverandi stjórnarmanns, VR sem jörðuð var þennan sama dag. Ólafía stakk upp á Guðmundi B. Ólafssyni sem fundarstjóra.

Dagskrá aðalfundar VR samkvæmt 24 gr. félagslaga.

### 1. Kosning á fundarstjóra fundarstjóri.

Gerð var tillaga um Guðmundur B. Ólafsson, lögmanns VR sem fundarstjóra, samþykkt. Fundarstjóri fór yfir að fundurinn hefði verið auglýstur á réttum tíma úrskurðaðið að fundurinn væri lögmætur.

### 2. Kosning á ritari.

Gerð var tillaga um Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir, starfsmanns VR sen ritara, samþykkt samhljóða

### 3. Skýrsla stjórnar.

Ólafía B. Rafnsdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir sl ár. Þar bar hæst kjarasamningagerð en undirbúningur fyrir þá stóð stærstan hluta árs 2013 í samvinnu við stjórn, trúnaðarráð, trúnaðarmenn, starfsmenn og fjölda félagsmanna. Stjórnin setti á laggirnar kjaranefnd stjórnarmanna og sérfræðinga félagsins en að auki voru gerðar kannanir meðal félagsmanna um áherslur og kröfur.

Ólafía fór yfir helstu atriði í starfsemi félagsins á liðnu ári og fjölda félagsmanna sem njóta þjónustu félagsins innan hvers málaflökks. Má þar nefna þjónustu kjaramálasviðs og sjúkrasjóðs félagsins. Á skrifstofu VR starfa ráðgjafar VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og þjónustufulltrúar STARFS sem er vinnumiðlun og ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur á vinnumarkaði.

Starfsmenntamálin voru einnig í brennidepli en á síðasta ári setti stjórn VR á laggirnar starfsmenntanefnd til að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna VR.

Fundarstjóri fékk formlegt samþykki til að fjalla um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins saman.

### 4. Reikningar félagsins.

Framkvæmdastjóri VR, Stefán Sveinbjörnsson, fór yfir reikninga félagsins sem að því loknu voru bornir undir fundinn og samþykktir. Hreinar tekjur til ráðstöfunar voru 468 milljónir króna árið 2013 miðað við 659 milljónir króna árið á undan. Rekstrartekjur jukust um 12% frá árinu 2012 og má m.a. rekja það til iðgjaldaaukningar vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og fjölgunar í félaginu. Rekstrargjöld hækkuðu um 13,2% á milli ára en greiðslur bóta og styrkja úr Sjúkrasjóði VR og varasjóði jukust um 60 milljónir. Aukning í greiðslum sjúkrasjóðs er að langstærstum hluta vegna sjúkradagpeninga. Styrkgreiðslur úr VR varasjóði jukust um 7% á milli ára og nýttu um 46% félagsmanna sjóðinn eða um 14 þúsund og hafa aldri fleiri nýtt sér sjóðinn frá stofnun hans. Greiðslur úr varasjóði fara einkum í að greiða fyrir heilsutengda þjónustu af ýmsu tagi, s.s. líkamsrækt. Raunávöxtun eignasafns VR var 2,08%. Fjárfestingstefna félagsins er varfærin og til langs tíma hugsuð. Eiginfjárstaða er mjög sterk sem gerir félaginu kleift að standa þétt að baki félagsmönnum sínum nú sem áður fyrr.

Lögð var fram tillaga um framlag í Varasjóð fyrir árið 2013 verði samtals: 479.365.474 kr auk viðbótar framlags að upphæð 8.305.347 vegna ársins 2012.

Samþykkt samhljóða.

Reikningar samþykktir samhljóða.

## 5. Lagabreytingar.

Rannveig Sigurðardóttir kynnti tillögur stjórnar VR að breytingum á lögum VR. Um var að ræða 17 tillögur sem voru eftirfarandi:

### Breytingartillaga nr. 1

Núverandi hljóðan (gr. 20.1, Um kosningu formanns og stjórnar):

„Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu **fjórða** hvert ár. **Annað hvert ár** skulu 7 stjórnarmenn kosnir til **fjögurra** ára og **5** varamenn til **tveggja ára** í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### Breytingartillaga nr. 2

Núverandi hljóðan (10. gr. Stjórn):

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og **5** til vara. Formaður skal kosinn til **fjögurra** ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til **fjögurra** ára og **annað hvert ár ganga** 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til **tveggja ára** í senn.

### Breytingartillaga nr. 3

Núverandi hljóðan (20.4. gr. Um kjörseðla og röðun á lista):

„Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjösendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Við kosningu til stjórnar:

Ráða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 12. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 4 ára og næstu 5 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 2 ára. Ef fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni er ekki nægjanlegur til að jafna kynjaskiptingu skv. framansögðu skal fjöldi atkvæða ráða um röð þegar því sleppir.

#### Breytingartillaga nr. 4

Núverandi hljóðan (20.2 gr. Um kosningu í trúnaðarráð)

„Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

**Annað hvert ár** skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til **fjögurra** ára í senn og **10 til vara til tveggja ára í senn.**

#### Breytingartillaga nr. 5

Núverandi hljóðan (gr. 14 Trúnaðarráð):

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til **fjögurra** ára í senn en **10 eru kosnir til vara til tveggja ára í senn.** **Auk þeirra eiga seturétt í ráðinu, án atkvæðisréttar, þeir frambjóðendur í stjórnarkjöri sem ekki ná kjöri og eiga þann rétt til næstu kosningar.** Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

**Breytingartillaga nr. 6**

Núverandi hljóðan (gr. 15 Deildir)

**15. gr. Deildir**

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 4 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

**Breytingartillaga nr. 7****Breyting nr. 7**

Bráðabirgðaákvæði í lögum vegna þessara lagabreytinga – Afbrigði kosninga árið 2016:

**Bráðabirgðaákvæði I**

Kosningar samkvæmt nýju fyrirkomulagi í gr. 20.1 skulu fyrst koma til framkvæmda í kosningum árið 2015 vegna kosningar formanns og þeirra 7 stjórnarmanna og 41 í trúnaðarráði sem ljúka kjörtímabili sínu árið 2015 samkvæmt eldri reglum. Auk þess eru þá í fyrsta sinn kosnir 10 menn til vara í trúnaðarráð til tveggja ára. Árið 2016 verður aftur kosið en þá með því afbrigði að kosnir verða 7 stjórnarmenn og 41 í trúnaðarráð til eins árs vegna þeirra 7 stjórnarmanna og 41 í trúnaðarráði sem ljúka kjörtímabili samkvæmt eldri reglum árið 2016. Í kosningum árið 2017 verður kosið aftur vegna þeirra 7 stjórnarmanna og 41 í trúnaðarráði sem kosnir voru til eins árs samkvæmt bráðabirgðaákvæði og auk þess 10 varamenn í trúnaðarráð og þá allt samkvæmt hinum nýju reglum.

**Breytingartillaga nr. 8**

Núverandi hljóðan (11. gr. Hæfi stjórnarmanna):

**„11. gr. Hæfi stjórnarmanna**

Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og uppfylla almenn hæfis skilyrði og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.,,

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

**11. gr. Hæfi stjórnarmanna**

Stjórnarmenn **skv. 10 gr. og ef við á, rekstrarstjórnarmenn skv. 3. mgr. 26. gr.** skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. **Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.**

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

**Breytingartillaga nr.9**

Núverandi hljóðan (16. gr. Trúnaðarmenn):

„Stjórn félagsins skipar trúnaðarmenn á vinnustöðum eða staðfestir skipun þeirra ef kosning hefur farið fram.

Trúnaðarmenn skulu starfa eftir erindisbréfi er stjórn félagsins setur þeim.

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

**Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi, sem þeir starfa eftir.**

**Breytingartillaga nr. 10**

Núverandi hljóðan (gr. 20.2, 2 mgr. Um kosningu í trúnaðarráð ):

„Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði

er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. **Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins.** Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum

### Breytingartillaga nr. 11

Núverandi hljóðan (20.2. gr. Um kosningu í trúnaðarráð):

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.  
Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði **skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin** skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér **og kannar kjörgengi þeirra.**

### Breytingartillaga nr. 12

Núverandi hljóðan (gr. 20.3 Um framkvæmd kosninga):

„Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.  
**Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.**

Kosning skal fara fram innan **6** vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

### Breytingartillaga nr. 13

Núverandi hljóðan (gr. 20.3 Um framkvæmd kosninga):

„Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmana með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, **einn eða fleiri**, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags.

**Breytingartillaga nr. 14**

Núverandi hljóðan (gr. 20.3. 3. mgr. Um framkvæmd kosninga):

„Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti **ein vika**.

**Breytingartillaga nr. 15**

Núverandi hljóðan (23. gr. Aðalfundur):

„Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert **og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram**. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

**Breytingartillaga nr. 16**

Núverandi hljóðan (24. gr. Dagskrá aðalfundar):

„Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
8. Ákvörðun félagsgjalds. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
9. Önnur mál.“

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar **og reglugerðarbreytingar**, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu **og tveggja félagslegakjörinna skoðunarmanna**.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. **Ákvörðun um laun stjórnarmanna.**
10. Önnur mál.

### Breytingartillaga nr. 17

Núverandi hljóðan (gr. 28 Lagabreytingar):

„Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en **14** dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

### Breytingartillaga nr. 18

Núverandi hljóðan (gr. 14 Trúnaðarráð):

„Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir. „

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. **Auk þeirra eiga seturétt í ráðinu, án atkvæðisréttar, þeir frambjóðendur í stjórnarkjöri sem ekki ná kjöri og eiga þann rétt til næstu kosningar.** Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

Fallið var frá breytingartillögu nr. 18 þar sem hún er samhljóða breytingartillögu nr. 5.



Guðmundur Ingi Kristjánsson lagði fram tillögu að breytingu á 3 gr. laga VR um félagsaðild:

### **Breyting:**

#### **3. gr. Félagsaðild 3.mgr.**

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds. en nióta ekki kjörqengis í félaginu. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

### **Verði:**

#### **3. gr. Félagsaðild 3.mgr.**

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

Óskar Guðmundsson lagði fram og kynnti ellefu tillögur að breytingum á lögum VR.

#### **Breytingatillaga nr. 1 (viðbót við 1.grein)**

„Merki félagsins eru hvítir stafir „VR“ á rétthyrndum bláum (Pantone 540C) grunni. Merki félagsins er ekki heimilt að nota nema að fullu (skriflegu) leyfi framkvæmdastjóra og/eða formanni félagsins.“

#### **Eftir breytingu stendur:**

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Álftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Merki félagsins eru hvítir stafir „VR“ á rétthyrndum bláum (Pantone 540C) grunni. Merki félagsins er ekki heimilt að nota nema að fullu (skriflegu) leyfi framkvæmdastjóra og/eða formanni félagsins.

#### **Breytingartillaga nr. 2.**

#### **Í 3 gr. Laga VR stendur:**

„3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds *en njóta ekki kjörgengis í félaginu*. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

- Fellt verði út í 3.gr., 3 málsgrein „en njóta ekki kjörgengis í félaginu“ enda er slík takmörkun og því í ósamræmi við 65.gr laga nr. 33/1944 (Stjórnarskrá Íslands)

#### Eftir breytingu stendur:

##### 3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds.

Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

#### Breytingatillaga nr. 3

##### Í 3. grein laga VR stendur:

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- o Náð hefur **16** ára að aldri.
- o Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- o Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

- Breyta lágmarksaldri fullgildra félagsmanna í **18 ár** enda ungmenni fyrst sjálfráða fullra 18 ára, sbr lög 142/1997. (Breytist þá einnig 6. Málsgrein (tillaga 4 ))

##### Eftir breytingu stendur:

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- o Náð hefur **18** ára að aldri.
- o Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- o Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

#### Breytingartillaga nr. 4

##### Í 3.gr laga VR stendur:

*„Unglingar geta orðið félagsmenn þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu.“*

- Sú kláusa falli brott en þar komi í staðinn: „Ungmenni 15-17 ára geta orðið félagsmenn en njóta þó ekki kjörgengis enda ekki sjálfráða (skv lögum nr. 71, 28.maí 1997)“

**Eftir breytingu stendur:**

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- Náð hefur 18 ára að aldri.
- Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

Ungmenni 15-17 ára geta þó orðið félagsmenn en njóta þó ekki kjörgengis enda ekki sjálfráða. (skv. lögum nr. 71, 28.maí 1997)

**Breytingatillaga nr. 5.****Í 5. grein laga VR stendur:**

• *„Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.“*

- Þar bætist við aftanvið „o.fl.“ svohljóðandi: „enda sé viðkomandi fullgildur félagsmaður og fullra 18 ára“. Annað væri mismunun og þá í berhöggi við 33/1944 (Stjórnarskrá)

**Eftir breytingu stendur:**

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins.
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum ofl, enda sé viðkomandi fullgildur félagsmaður og fullra 18 ára.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

**Breytingatillaga nr. 6****Í 7. Grein laga VR stendur:**

*„Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu hverjum þeim, sem að hennar álitu brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundum. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.“*

- Þar falli orðin „eða brot sem áminnt hefur verið fyrir verið ítrekað“ en inn komi klausa þar aftanvið svo hljóðandi:

„Um tilhögun áminninga og/eða brottvikningar skal stuðst við „1, 2 og 3“ reglu stjórnarsýslulaga, þ.e.a.s. munnleg áminning, þá skrifleg áminning og að lokum skrifleg brottvikning.

Áður en endanleg ákvörðun um áminningu er tekin og félagsmanni veitt skrifleg áminning, ber að gefa félagsmanni kost á að tala máli sínu. Til þess að félagsmaður fái örugglega notið andmælaréttar síns sem skyldi, er áriðandi að upplýsa hann um tilefni og ástæðu fyrirhugaðrar

áminningar þannig að hann viti nákvæmlega um hvað málið snýst. bréflaga og sendist/afhendist í pósti sem ábyrgðarbréf.“

Virðing  
Skal slíkt gert

VR

#### Eftir breytingu stendur:

Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu hverjum þeim, sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundi. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar. Áður en til brottvikningar kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.“

Um tilhögun áminninga og/eða brottvikningar skal stuðst við „1, 2 og 3“ reglu Stjórnsýslulaga, þ.e.a.s. munnleg áminning, þá skrifleg áminning og að lokum skrifleg brottvikning.

Áður en endanleg ákvörðun um áminningu er tekin og félagsmanni veitt skrifleg áminning, ber að gefa félagsmanni kost á að tala máli sínu. Til þess að félagsmaður fái örugglega notið andmælaréttar síns sem skyldi, er áriðandi að upplýsa hann um tilefni og ástæðu fyrirhugaðrar áminningar þannig að hann viti nákvæmlega um hvað málið snýst. Skal slíkt gert bréflaga og sendist/afhendist í pósti sem ábyrgðarbréf.

#### Breytingatillaga nr. 7

##### Í 11. Grein laga VR stendur:

„Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og uppfylla almenn hæfis skilyrði og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið **fangelsisdóm** fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef **hann hefur** hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.“

- 1. Málsgrein. Fella út orðið „fangelsis“ enda geta dómur endað með sektum, skilorði eða á annan hátt.
- 2. Málsgrein. Í stað orðanna „hann hefur“ komi „hann eða venslamenn hans hafi“

#### Eftir breytingu stendur:

Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og uppfylla almenn hæfis skilyrði og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann eða venslamenn hans hafi hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

#### Breytingatillaga nr. 8

##### Í 18.grein laga VR stendur:

„Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega **póstatkvæðagreiðslu** meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli“

- Aftan orðsins „póstkvæðagreiðslu“ komi „eða rafræna atkvæðagreiðslu“.

#### Eftir breytingu stendur:

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu eða rafræna atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

#### Breytingatillaga nr. 9

##### Í 4.málsgrein undilið 20.3 laga VR stendur:

„Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.“

- Þar aftanvið bætist við: „Frambjóðendur mega vera stuðningsmenn, þó egi fleiri en eins frambjóðanda/lista“.

#### Eftir breytingu stendur:

Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns. Frambjóðendur mega vera stuðningsmenn, þó egi fleiri en eins frambjóðanda/lista.

#### Breytingatillaga 10

##### Í 25. Grein stendur :

„Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í *dagblöðum* og/eða í útvarpi með minnst tveggja daga fyrirvara.“

- Framan við orðið „dagblöðum“ komi orðið „landsdekkandi“.

#### Eftir breytingu stendur:

Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í landsdekkandi dagblöðum og/eða í útvarpi með minnst tveggja daga fyrirvara.

#### Breytingatillaga nr. 11

##### Í 28.grein stendur:

„Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.“

- Hér bætist við málsgrein svohljóðandi: „Halda skal ,egi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund, trúnaðarráðsfund hvar farið skal almennt yfir lög félagsins og almennar tillögur trúnaðarráðs og/eða annarra að lagabreytingum.“

#### Eftir breytingu stendur:

#### 28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjarkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

Halda skal ,egi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund, trúnaðarráðsfund hvar farið skal almennt yfir lög félagsins og almennar tillögur trúnaðarráðs og/eða annarra að lagabreytingum.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

**Breytingatillaga nr. 12****Í 10. Grein stendur:**

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.“

- Hér við bætist svohljóðandi grein:
- „Stjórnarmenn skuli ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn og egi lengur en 12 ár samanlagt“
- Er þetta til að koma í veg fyrir stöðnun og jafnframt stuðla að eðlilegri endurnýjun sem og að hæði stjórnarmanna hraki egi, þ.e.a.s. að þær verði ekki um of háðir nefndarlaunum.

**Eftir breytingu stendur:**

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Stjórnarmenn skuli ekki sitja lengur en 8 ár samfleitt sem aðalmenn í stjórn og egi lengur en 12 ár samanlagt.

**Umræður um lagabreytingar:**

Stefán Einar Stefánsson tók til máls og sagðist styðja margt í tillögunum en geri athugasemnd við hvernig tillögurnar voru unnar. Hefði verið hægt að kynna þær betur fyrir félagsmönnum. Leggur til að vísa tillögunum í alsherjar atkvæðagreiðslu og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Aðalfundur VR, haldinn þann 26. mars 2014, vísar framlögðum lagabreytingum stjórnar félagsins til allsherjaratkvæðagreiðslu samhliða næsta stjórnarkjöri sem fram fer 2015, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga félagsins. Aðalfundur beinir því til stjórnar VR að fram að allsherjaratkvæðagreiðslu verði félagsmönnum gerð nákvæm grein fyrir fyrirbyggjandi breytingartillögum m.a. á vef félagsins, VR blaðinu og öðrum þeim samskiptamiðlum sem félagið hefur aðgengi að.“

Ragnar Þór Ingólfsson tók til máls. Sagðist hafa verið efins varðandi breytingartillögur stjórnarinnar en segist styðja þær nú. Ekki sé ástæða til að setja þær í alsherjaratkvæðagreiðslu, Aðalfundur félagsins endurspegli félagið og þá félagsmenn sem hafi áhuga.

Rannveig Sigurðardóttir tók til máls og tók undir orð Ragnars, Aðalfundur félagsins er ædsta vald félagsins.

Petrína Pétursdóttir tók til máls. Situr í trúnaðarráði og hafði fengið góða kynningu þar – styður tillögurnar.

Fríður Birna sat sem stjórnarmaður í laganefnd. Vildi koma á framfæri athugasemnd varðandi grein um kjör stjórnarmanna þ.e. að lengja kjörtímabil úr 2 árum í 4 ár sem hún sagðist ekki styðja.

Óskar Guðmundsson – kom næst upp og lagði fram breytingartillögu við 28. gr.

„Núverandi hljóðan (gr. 28 Lagabreytingar):

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Verði (breytingar í rauðu lettri):

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en **14** dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og **síðu félagsins vr.is** félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.”

Jóhanna Rúnarsdóttir – umræður vegna breytingatillögu um kjörgengi öryrkja. Bendir á gr. 2 í lögum félagsins að VR er félag Verslunar, þjónustu og skrifstofufólks á vinnumarkaði en semji ekki um kjör öryrkja.

Guðmundur Ingi Kristjánsson tók til máls um stöðu öryrkja. Nú sé hafin vinna m.a. um nýtt starfshæfnismat. VR eigi að vinna að því að auka réttindi félagsmanna en ekki skerða þau.

Rannveig Sigurðardóttir: lagði til að tillögur Guðmundar Inga og Óskars verði teknar til frekari vinnslu hjá stjórn félagsins samhliða þeirri vinnu sem framundan er varðandi starfshæfnismat ofl.

Helga Ingólfssdóttir tók til máls varðandi breytingatillögur stjórnar, marg gott sé í þeim en sé ekki sammála lengingu á kjörtímabili stjórnarmanna og formanns úr 2 árum í 4 ár. Lýsti yfir stuðningi við tillögur Guðmundar Inga Kristjánssonar.

Benóný Valur Jakobsson, sat í laganefnd. Sagði mikla vinnu hafa farið fram í nefndinni. Ekki sammála tillögu um kjörgengi öryrkja, VR ekki að semja um þeirra kjör.

Benedikt Geirsson – styður ekki breytingartillögur stjórnar um lengd kjörtímabils stjórnarmanna og formanns sem hann telur vera verulega breytingu og leggur til að henni verði hafnað. Lagði fram breytingatillögu við 16. gr.

Viðbót við tillögu að lagabreytingu við 16. gr. „Formaður skal leggja val á trúnaðarmönnum til samþykktar í stjórn VR.“

Gylfi Dalmann – vitnaði m.a. í vinnulöggjöfina og lög félagsins varðandi breytingatillögu um kjörgengi öryrkja. Öryrkjar ekki á vinnumarkaði og VR því ekki að semja um þeirra kjör.

Stefán Einar – breytingatillögurnar haf ekki verið kynntar nógu vel að hans mati og leggur til að fundurinn hafni tillögum stjórnar.

Rannveig Sigurðardóttir hvetur til að tillögur stjórnar verði samþykktar. Aðalfundur félagsins sé æðsta vald félagsins. Lagði hún fram tvær breytingatillögur:

Núverandi 28. gr. laga VR

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.



Verði (breytingar í rauðu letri):

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en **14** dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu **og heimasíðu félagsins** í 7 daga fyrir aðalfund.

Seinni tillaga Rannveigar:

Núverandi hljóðan (20.2. gr. Lagabreytingar):

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.

Verði (breytingar í rauðu letri):

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af **trúnaðarráði** skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.

Óskar Guðmundsson – lagði til að eftirtöldum tillögum hans verði vísað til laganefndar félagsins.

Tillaga 1. Merki félagsins

Tillaga 3. Aldur félagsmanna

Tillaga 4. Aldur félagsmanna

Tillaga 5. Aldur félagsmanna

Tillaga 8. Dregin til baka „rafræn“

Tillaga 10. Dagblöð félagsins

Samþykkt

Fleiri tóku ekki til máls

## Kosningar um lagabreytingar:

Fundarstjóri hóf þá kosningu um allar framlagðar tillögur. Fyrst var greitt atkvæði um tillögu Stefáns Einar um að fram fari allsherjaratkvæðagreiðsla og fór hann fram á leynilega atkvæðagreiðslu. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var:

Já svöruðu 23, Nei svöruðu 55 og auðir 2. Tillaga Stefáns því felld.

### Lagabreytingartillaga frá Guðmundi Inga Kristjánssyni

Frá Óskari var sambærileg tillaga og dró Óskar sína tillögu til baka.

Gengið var til atkvæða um tillögu Guðmundar um breytingu á 3. gr. laga VR.

Felld með meginþorra atkvæða

### Lagabreytingartillaga nr. 6 frá Óskari Guðmundssyni

Um breytingu á 7. gr. brottvikningu úr félaginu

Felld með meginþorra atkvæða



**Lagabreytingartillaga nr. 12 frá Óskari Guðmundssyni**

Um breytingu á 10 gr. um stjórn félagsins

Felld með meginþorra atkvæða

**Lagabreytingartillaga nr. 2 frá stjórn VR**

Um breytingu á 10 gr. um kjörtímabil stjórnar.

Stefán Einar Stefánsson fór fram á að atkvæðagreiðslan væri leynileg sem fundarstjóri samþykkti.

Atkvæði féllu þannig: 74 greiddu atkvæði, 47 sögðu já, 26 nei.

Tillaga náði ekki tveimur þriðju hluta atkvæða sbr. 6. mgr. 28. gr. laga VR og var því felld.

**Lagabreytingartillaga nr. 7 frá Óskari Guðmundssyni**

Breyting á 11 gr Hæfi stjórnarmanna

Felld með meginþorra atkvæða

**Lagabreytingartillaga nr. 8 frá stjórn VR**

Breyting á 11 gr Hæfi stjórnarmanna

Samþykkt samhljóða

Næst kom Rannveig Sigurðardóttir og lagði til að lagabreytingatillögum stjórnar VR nr. 1, 3, 4, 5, 6 og 7, verði vísað aftur til stjórnar þar sem tillaga stjórnar nr. 2 var felld og því ekki hægt að leggja þessar tillögur fyrir aðalfundinn.

Samþykkt

**Breytingartillaga frá Benedikt við tillögu nr. 9 frá stjórn VR.**

Viðbót við tillögu að lagabreytingu við 16. gr. „Formaður skal leggja val á trúnaðarmönnum til samþykktar í stjórn VR.“

Felld

**Lagabreytingartillaga nr. 9 frá stjórn VR**

Breyting á 16 gr. Trúnaðarmenn

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 10 frá stjórn VR**

Breyting á 2. mgr. 20.2 gr. um að sami einstaklingur geti ekki verið á fleiri en einum lista.

Samþykkt

**Breytingartillaga frá Rannveigu vegna 3. mgr. gr. 20.2 í lögum VR**

“Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 11 frá stjórn VR**

Breyting á 20. gr 2 mgr. Um kosningu í trúnaðarráð

Eftir samþykkt á breytingatillögu þá var lögð fram breyting á 3. mgr. gr. 20.2 laga VR

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði **skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin** skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér **og kannar kjörgengi þeirra.**

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr 12 stjórnar VR**

Breyting á 3. mgr. 20. gr. um hæfi og kjörgengi frambjóðenda til stjórnar VR

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 9 frá Óskari Guðmundssyni**

Breyting á 3. mgr. 20 gr. Um framkvæmd kosninga

Felld

**Lagabreytingartillaga nr. 13 frá stjórn VR**

Breyting á 11. mgr. gr. 20.3 um framkvæmd kosninga

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 14 frá stjórn VR**

Breyting á 3. mgr. gr. 20.3 um framkvæmd kosninga

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 15 frá stjórn VR**

Breyting á 23 gr. aðalfundur

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 16 frá stjórn VR**

Breyting á 24 gr. dagskrá aðalfundar

Samþykkt

**Breytingatillaga frá Rannveigu vegna 5. mgr. gr. 28 í lögum VR**

Breyting á 5. mgr. 28 gr. kynning á lagabreytingum

“Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en **14** dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu **og heimasíðu félagsins** í 7 daga fyrir aðalfund.”

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 17 frá stjórn VR**

Breyting á 5. mgr. 28 gr. lagabreytingar

Eftir samþykkt á breytingartillögu var lögð fram breyting á 5. mgr. 28 gr. laga VR

„Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en **14** dögum fyrir aðalfund. Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu **og heimasíðu félagsins** í 7 daga fyrir aðalfund.”

Samþykkt

**Lagabreytingartillaga nr. 11 frá Óskari Guðmundssyni**

Breyting á 28 gr. Lagabreytingar

Felld

Eftir samþykkt á ofangreindum breytingatillögum voru lög VR með breytingum í heild sinni borinn upp:

**Lög VR****1. gr. Heiti, starfssvæði**

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Álftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótshéraðs, Fljótshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr. Tilgangur**

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsmanna.

**3. gr. Félagsaðild**

Félagið er opið öllu verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólki.

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis í félaginu. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

Þeir sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju skv. nánari reglum félagsins.

Fullgildur félagsmaður getur sá orðið sem:

- Náð hefur 16 ára að aldri.
- Er skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
- Er greiðandi og hefur greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum og staðfest hefur aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.

Unglingar geta orðið félagsmenn þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

#### 4. gr. Innganga í félagið

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

#### 5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsmanna eru:

- Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins.
- Allir fullgildir félagar hafa kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
- Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
- Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
- Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
- Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsmanna eru:

- Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
- Að greiða félagsgjald.

## 6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Enginn getur þó sagt sig úr félaginu, eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu eða trúnaðarráði og þar til vinnustöðvuninni hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands, er lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launþegi frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

## 7. gr. Brottvikning

Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu hverjum þeim, sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundi. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

## 8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórn félagsins er heimilt að velja heiðursféлага og sæma menn gullmerki félagsins. Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

## 9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald. Heimilt er með samþykki aðalfundar að ákveða að félagsgjald atvinnulausra og öryrkja renni í aðra sjóði félagsins til að tryggja réttindi þeirra úr sjóðunum.

## 10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

## 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, rekstrarstjórnarmenn skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

## 12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því, er félaginu má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tilögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

## 13. gr. Stjórnarfundir

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist skráð í sérstaka gerðarbók. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Formaður sér um að gerðarbók sé rituð og hún varðveitt með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. 4 stjórnarmenn krefjast þess. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

## 14. gr. Trúnaðarráð

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, stjórnir deilda sem verða til við sameiningu annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til tveggja ára í senn. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar a.m.k 4 sinnum á ári og eftir því sem þurfa þykir.

## 15. gr. Deildir

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á deildarfundum. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarnarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

## 16. gr. Trúnaðarmenn

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi, sem þeir starfa eftir.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins, samþykktum og samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsmanna á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsmenn félagsins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

## 17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleiri félagsmenn til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrirtækjasamninga er samninganefnd heimilt skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

## 18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

1. Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.
2. Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
3. Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara eftir því sem við á.
4. Þegar trúnaðarráð eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu.

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

## 19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum við kosningar í félaginu. Tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

## 20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

### 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

## 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

## 20.3. Um framkvæmd kosninga.

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.



Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

#### 20.4 Um kjörseðla og röðun á lista.

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

### 21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

### 22. gr. Jafnræði

Við val á félagsmönnum til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

### 23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

### 24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

11. Kosinn fundarstjóri.
12. Kosinn ritari.
13. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
14. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
15. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
16. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
17. Kosning lögtils endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslegakjörinna skoðunarmanna.

18. Ákvörðun félagsgjalds.
19. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
20. Önnur mál.

## 25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færr en 200 félagsmenn krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafa í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og/eða í útvarpi með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja.

## 26. gr. Sjóðir

Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Varasjóð og Vinnudeilusjóð.

Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka rekstrarstjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) á banka- eða sparisjóðsreikningum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- e) á annan þann hátt er stjórn og trúnaðarráð meta tryggan.

## 27. gr. Reikningar

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

## 28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

## 29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 allra félagsmanna samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

(Lög VR, samþykkt á aðalfundi VR 28. febrúar 1955 með áorðnum breytingum 19. febrúar 1958, 23. febrúar 1959, 10. febrúar 1965, 17. janúar 1967, 25. janúar 1969, 2. júní 1975, 11. febrúar 1976, 21. mars 1978, 18. mars 1991, 25. mars 2002, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 31. mars 2008, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 27. apríl 2011, 10. apríl 2012 og 26. mars 2014).

## 6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

### Sjö stjórnarmenn – til tveggja ára

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Benóný Valur Jakobsson  
Dóra Magnúsdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Harpa Sævarsdóttir

### Þrjú varamenn í stjórn VR – til eins árs

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Kristjana Þorbjörg Gunnsteinsdóttir  
Gísli Kristján Gunnsteinsson

### Listi trúnaðarráðs:

|                            |                               |                               |
|----------------------------|-------------------------------|-------------------------------|
| Aðalheiður Óladóttir       | Halldór Halldórsson           | Óskar Kristjánsson            |
| Alda Særún Guðbjörnsdóttir | Helga Bryndís Jónsdóttir      | Pálmi Viðar Harðarson         |
| Alexander Þórsson          | Hildur Mósesdóttir            | Ragnar Borgþórsson            |
| Ágústa Harðardóttir        | Ingi Guðmundur Ingason        | Selma Björk Grétarsdóttir     |
| Áslaug Alexandersdóttir    | Ingibjörg H Hjartardóttir     | Sigmundur Halldórsson         |
| Benedikt Geirsson          | Ingibjörg Kristín Barðadóttir | Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir |
| Bergþóra Eiðsdóttir        | Ingibjörg Óðinsdóttir.        | Snjólaug Einarsdóttir         |
| Edda Svandís Einarsdóttir  | Jóhann Bjarni Knútsson        | Trausti Guðmundsson           |
| Elías Magnússon            | Jóhanna S. Rúnarsdóttir       | Unnur Elva Arnardóttir        |
| Guðjón Steinarsson         | Jóhannes Már Sigurðarson      | Viðar Kristinsson             |
| Guðrún Indriðadóttir       | Jóna Matthildur Jónsdóttir    | Þorgerður Jóhannsdóttir       |
| Guðrún Þórsdóttir          | Kristófer Jónsson             | Þóra Skúladóttir Öfjörð       |
| Hafís Bára Bjarnadóttir    | Linda Rós Reynisdóttir        | Þórður Mar Sigurðsson         |
| Hafís Erla Kristinsdóttir  | Magnús Þorsteinsson           |                               |

## 7. Kosning löggilts endurskoðenda eða endurskoðunarskrifstofu

Lögð fram eftirfarandi tillaga stjórnar VR: Aðalfundur VR, haldinn á Nordica Hótel, miðvikudaginn 26. mars 2014, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2014.

Samþykkt

Fundarstjóri óskaði eftir að kosning á skoðunarmönnum færi undir þennan lið og var það samþykkt.

Lögð fram eftirfarandi tillaga: Aðalfundur VR, haldinn á Nordica Hóteki, miðvikudaginn 26 mars 2014, samþykkir að skoðunarmenn VR sbr. 27. gr. laga VR verði Hildur Mósésdóttir og Halldór Halldórsson.

Samþykkt

## 8. Ákvörðun félagsgjald. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.

Aðalfundur VR, haldinn á Nordica Hótel, miðvikudaginn 26. Mars 2014, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7 % af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma  
Samþykkt samhljóða

Ákvörðun um laun stjórnarmanna. Aðalfundur VR, haldinn á Nordica Hótel, miðvikudaginn 26. mars 2014, samþykkir að stjórnarlaun hækki um 2,8% frá fyrra ári og verði 41.120 kr á mánuði og varamenn fá 20.560 kr fyrir hvern setinn fund. Fyrsti varamaður fái sömu laun og aðalmaður.

Samþykkt

## 9. Önnur mál.

### Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs VR

- A. Lagðar fram breytingatillögur á reglugerð sjúkrasjóðs VR, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir formaður framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs kynnti þær.

### Breyting nr. 1

Er:

9.1 Þeir sem greitt hafa iðgjald til VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysdagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að iðgjaldið að ná lágmarksfélagsgjaldi á undangengnum 12 mánuðum.

Verður:

9.1 Þeir sem greitt hafa iðgjald til VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysdagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að hafa greitt iðgjald til VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar. Heimilt er að dagpeningagreiðslur, styrkir og dánarbætur séu greidd m.v. starfshlutfall.

## Breyting nr. 2

Er:

9.2 Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ, er heimilt að veita honum aðild að Sjúkrasjóði VR.

Verður:

9.2 Hafi umsækjandi **átt rétt** í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ, **skal** veita honum aðild að Sjúkrasjóði VR **eftir að hafa greitt iðgjald til VR fyrir einn mánuð.**

## Breyting nr. 3

Er:

10.1 Bótaflokkar sjóðsins eru:

a) Sjúkra- og slysadagpeningar.

Sjúkrasjóðnum er heimilt að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa enda komi ekki dagpeningagreiðsla eða önnur greiðsla vegna tímabundinnar örorku samkvæmt ábyrgðartryggingu fyrir sama tímabil frá öðrum aðila.

Verður:

10.1 Bótaflokkar sjóðsins eru:

a) Sjúkra- og slysadagpeningar.

Sjúkrasjóðnum er heimilt að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa **og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks eða samkvæmt annarri lögbundinni tryggingu, skal greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá VR.**

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

**Uppfylli félagsmaður skilyrði til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkradagpeninga.**

Almennt skal það vera skilyrði styrkja og sjúkradagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum.

Allar tillögunar samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri bar því næst upp alla reglugerð sjúkrasjóðsins með samþykktum breytingum

## Reglugerð Sjúkrasjóðs VR

### 1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður VR.
- 1.2 Sjúkrasjóður VR er stofnaður með tilvísun til laga nr. 19, 1. maí 1979.
- 1.3 Sjúkrasjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Verkefni sjóðsins

- 2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum, svo og í elli- og örorkutilvikum.
- 2.2 Verkefni sjóðsins er enn fremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, er snerta starfsöryggi og heilsufar.

Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmanna í sjúkrasjóð renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

- 2.3 Sjóðurinn getur einnig varið fé til aðila, sem vinna að bættu heilsufari.
- 2.4 VR er heimilt að taka að sér aðstoð við félagasamtök, sem um það semja, varðandi ofangreint verkefni.

### 3. gr.

- 3.1 Heimilt er að stofna til samstarfs við önnur félög um rekstur sjúkrasjóða.

### 4. gr. Tekjur

- 4.1 Tekjur sjóðsins eru skv. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979, sammingsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- 4.2 Aðrar tekjur skv. nánari reglum.

### 5. gr. Stjórn og rekstur

- 5.1 Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- 5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn, sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins. Stjórn VR tilnefnir formann framkvæmdastjórnar.
- 5.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnarsýslureglur.
- 5.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa VR.
- 5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir allan kostnað, sem af rekstri hans leiðir.
- 5.6 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.

## 6. gr. Reikningar og endurskoðun

6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

## 7. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

7.1 Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7.2 Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

## 8. gr. Ávöxtun sjóðsins

8.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparisjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðsins,
- e) á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

## 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.3, 9.5, 10.2 og 10.3.

9.1 Þeir sem greitt hafa iðgjald til VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að hafa greitt iðgjald til VR samfelld í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar. Heimilt er að dagpeningagreiðslur, styrkir og dánarbætur séu greidd m.v. starfshlutfall.

9.2 Hafi umsækjandi átt rétt í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ, skal veita honum aðild að Sjúkrasjóði VR eftir að hafa greitt iðgjald til VR fyrir einn mánuð.

9.3

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum, eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Hafi félagismaður fengið heimild til að greiða iðgjöld til félagsins af atvinnuleysisbótum, þrátt fyrir að hafa ekki verið félagi í VR þegar hann missti vinnu, skulu réttindi vegna hans í Sjúkrasjóði VR þó skapast eftir að iðgjöld af atvinnuleysisbótum hafa verið greidd í samfelld 9 mánuði.

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.

9.4 Ef verulegar breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá einyrkja eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu einyrkja hafa nýlega gengið í félagið.

9.5 Geymd réttindi:

- a) Heimilt er að veita takmarkaðan rétt til dánarbóta og styrkja skv. gr. 9.2, vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.
- b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta.

## 10. gr. Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

10.1 Bótaflokkar sjóðsins eru:

a) Sjúkra- og slysadagpeningar.

Sjúkrasjóðnum er heimilt að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks eða samkvæmt annari lögbundinni tryggingu, skal greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá VR.

Í upphafi félagsaðildar (fyrstu 270 dagana) skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.2.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Uppfylli félagsmaður skilyrði til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkradagpeninga.

Almennt skal það vera skilyrði styrkja og sjúkradagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að krefjast þess að það fari til stjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Hvert samfellt greiðslutímabil er 270 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

b) VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og skulu að lágmarki vera kr. 210.000 og úthlutað samkvæmt gildandi Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

c) Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka í formi, fæðingarorlofs, slysatrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

10.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna-og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

10.3 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

## 11. gr. Samskipti sjúkrasjóða

11.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, innan ASÍ, öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.



**12. gr. Lausn frá greiðsluskyldu**

12.1 Ef farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

**13. gr. Fyrning bótaréttar**

13.1 Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:

- a) Bætur skv. gr. 10.1 og 10.1 b) fyrnast á 24 mánuðum.
- b) Styrkir skv. gr. 10.2 fyrnast á 12 mánuðum.

**14. gr. Endurgreiðsla iðgjalda**

14.1 Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

**15. gr. Upplýsingaskylda**

15.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu í VR blaðinu eða útgáfu bæklinga.

15.2 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ árlega; ársreikning sjóðsins auk mats á framtíðarstöðu á 5 ára fresti.

15.3 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ allar breytingar sem gerðar kunna að vera á þessari reglugerð.

**16. gr. Breytingar á reglugerðinni**

16.1 Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

((Samþykkt af stjórn VR 14. ágúst 1979, á aðalfundi VR 23. mars 1980 með áorðnum breytingum 25. mars 1985, 16. mars 1998, 8. mars 1999, 26. mars 2001, 14. mars 2005, 24. apríl 2006, 26. mars 2007, 2. apríl 2009, 11. janúar 2011, 10. apríl 2012 og 26. mars 2014.)

Samþykkt.

**Tillögur stjórnar VR um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna**

Ragnar Þór Ingólfsson kynnti tillögur um reglur um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna. En þar kom fram að stjórnin auglýsir eftir frambjóðendum og stjórn VR velur tvo fulltrúa og trúnaðarráð velur tvo fulltrúa og alla varmenn.

Guðmundur Ingi Guðmundsson ræddi um skerðingar Tryggingastofnunar á örorkubótum meðal annars vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum.

Stefán Einar – lagði fram skriflegar fyrirspurnir sem hann óskaði eftir að formaður svaraði.

1. Af hverju er skrifstofa VR ekki með jafnlaunavottun?
2. Hver er kynbundinn launamunur á skrifstofu VR?
3. Lagðist formaður VR gegn aukafjárveitingu til handa jafnlaunavottunarverkefni félagsins?
4. Hvernig féllu atkvæði um málið ?

Ólafía B Rafnsdóttir formaður svaraði og staðfesti að engin kynbundin launamunur er á skrifstofu VR. Einnig að hún samþykkti ekki aukafjárveitingu vegna jafnlaunavottunarverkefnis félagsins, enda var komið fram úr fjárhagsáætlun.

B. Heiðursmerki VR fengu Reynir Jósepsson og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir.

Reynir Jósepsson sat í trúnaðarráði VR 1983 – 2009, í stjórn VR 1985 – 1999. Hann var einnig starfsmaður kjaramálasviðs VR 1986 – 2008.

Jóhanna E Vilhelmsdóttir sat í trúnaðarráði VR 1993 – 2009, í stjórn VR 1983 – 2009 auk ýmissa trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Hún var einnig starfsmaður VR 2009 – 2012

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð.

Fundarstjóri sleit fundi 23:30

Fundargerð ritaði Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 23:30

---

Guðmundur B. Ólafsson

---

Rósmarý A. Úlfarsdóttir